

SKÓLANÁMSKRÁ**Góður skóli - gjöful framtíð**

Íslenska	2
Megináherslur: Lestur, ritun og málfræði, 120 - 190 orð á mínu	2
Læsisstefna: Heimalestur upphátt 5x í viku og 3-5x í skólanum.	2
Stærðfræði	4
Megináherslur: Tugakerfi, algebra, tví- og þrívíð form, einföld myndrit.	4
Stærðfræðistefna: Almenn brot, prósentur, tugakerfið og uppbygging þess.	4
Samfélagsfræði	6
Megináherslur: Saga Íslands, Evrópa.	6
Náttúrufræði	7
Megináherslur: Plöntur og dýr.	7
Enska	8
Megináherslur: Orðaforði, samræður, kynningar.	8
Danska	10
Megináherslur: Orðaforði, einfaldar kynningar.	10
Tölvur	12
Megináherslur: Word, Excel, Power point	12
Skólaíþróttir	13
Megináherslur: Fjölbreyttar íþróttir og sund.	13
Myndmennt	14
Megináherslur: Vinnuferli frá hugmynd til afurðar.	14
Smíði	15
Megináherslur: Ferli frá hugmynd til afurðar.	15
Heimilisfræði	16
Megináherslur: Matreiðsla, hreinlæti.	16
Textílmennt	17
Megináherslur: Hekl	17
Tónmennt	19
Megináherslur: Söngur, ólíkir stílar, forrit.	19

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Dans	20
Megináherslur: Örva hreyfi- og rýmisþroska og félagsgreind.	20
Umsjón og lífsleikni	21
Megináherslur: Bekkjarfundir	21

Íslenska

Megináherslur: Lestur, ritun og málfræði, 120 - 190 orð á mínútu.

Læsisstefna: Heimalestur upphátt 5x í viku og 3-5x í skólanum.

Hæfniviðmið:

Að nemandi:

Talað mál, hlustun og áhorf:

- Geti tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar. Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi. Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum.

Lestur og bókmenntir:

- Geti lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað. Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann. Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.

Ritun:

- Geti beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim. Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa. Lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig höfundur skrifar og nýtt það við eigin ritun.

Málfræði:

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

- Átti sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og geti greint hlutverk og helstu einkenni þeirra. Nýti sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum.

Helstu námsbækur og gögn:

Orðspor 3. Málrækt 3. Þriðji smellur. Stafsetning, gögn frá kennara. Benjamín Dúfa. Töfraskinna, valin verkefni. Lesskilnings-, stafsetningar og ritunarverkefni frá kennara. Yndislestrarbækur yfir önnina. Æfingar fyrir upplestrarkeppnina á vorönn 2019 verða yfir önnina.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Stærðfræði

Megináherslur: Tugakerfi, algebra, tví- og þrívíð form, einföld myndrit.

Stærðfræðistefna: Almenn brot, prósentur, tugakerfið og uppbygging þess.

Hæfniviðmið:

Að nemandi:

Tölur og reikningur:

- Geti notað tugakerfisrithátt og sýnt að hann skilur sætiskerfi. Skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósenta. Tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir við reikning með ræðum tölum sem byggja á eigin skilningi.

Algebra.

- Geti rannsakað mynstur, notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir, fundið lausnir á jöfnum með óformlegum aðferðum og notað reglur algebrunnar við reikning. Notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir í einföldum stæðum og jöfnum. Fundið lausnir á jöfnum og ójöfnum með óformlegum aðferðum, þ.e. notað víxlreglu, tengireglu og dreifireglu við reikning, bæði í huga og á blaði.

Rúmfraði og mælingar.

- Rannsaki og greini tvívíð og þrívíð form, geti teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn. Notað mælikvarða og einslögun í tengslum við teikningar, áætlað ummál, flatarmál og rúmmál í raunverulegum aðstæðum, rannsakað aðferðir til að reikna það. Áætlað og mælt horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir af mælingunum.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Tölfræði og líkindi:

- Geti framkvæmt einfaldar tölfræðirannsóknir, unnið og lesið úr niðurstöðum sínum. Sett upp í einföld myndrit, tekið þátt í umræðum um gögn og upplýsingar. Dregið ályktanir um líkur og reiknað út líkur í einföldum tilvikum. Dregið ályktanir um líkur út frá eigin tilraunum og borið saman við fræðilegar líkur. Reiknað út líkur í einföldum tilvikum.

Helstu námsbækur og gögn:

Stika 3a og 3b I – padar í eigu skólans.

Námsmat:

Kaflapróf verða í lok hvers kafla. Nemendur sem ekki ná 5 á kaflaprófum fá leiðbeiningu og endurtaka prófið. Kennaraeinkunn sem byggir á vinnubrögðum og vinnusemi nemenda.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Samfélagsfræði

Megináherslur: Saga Íslands, Evrópa.

Hæfniviðmið:

Að nemandi:

Reynsluheimur:

- Geti gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegrar menningar, trúar og lífsviðhorfa. Rætt á upplýstan hátt um tímabil, atburði og persónur, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu. Rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs. Aflað sér, metið og hagnýtt upplýsingar um menningar og samfélagsmálefni í margvíslegum gögnum og miðum. Áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði. Gert grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátfíðum, siðum og táknum í kristni og nokkrum helstu trúarbrögðum heims. Notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga. Greint hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum.

Hugarheimur:

- Geti sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum. Lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á, áhrifum þeirra á hugsun og hegðun.

Félagsheimur:

- Taki þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu. Tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn og sér og í samstarfi við aðra. Sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra. Sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju.

Helstu námsbækur og gögn:

68 æfingar í heimspeki. Sögueyjan 1. Hefti. Evrópa les- og vinnubók. Kortabækur. Ítarefni frá kennara (Sjúklega súr saga).

Námsmat:

Vinna og virkni í tímum 10% Verkefnavinna/hópavinna 50% Kaflapróf 40%.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Náttúrufræði

Megináherslur: Plöntur og dýr.

Hæfniviðmið:

Að nemandi:

- Geti lýst samspili lífvera og lífvana þáttu og tengt það hugmyndum manna um uppruna og þróun lífs á jörðinni. Lýst reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi.
- Geti lýst einkennum plantna og dýra, stöðu þeirra í náttúrunni, tengsl þeirra innbyrðis og við umhverfi sitt. Lýst ólíkum vistkerfum á heimaskólinum eða við Ísland. Útskýrt hvernig aðlögun lífvera að umhverfinu gerir þær hæfari til að lifa af og fylgja sér. Gert grein fyrir notkun manna á auðlindum.
- Geti dregið ályktanir af tilgangi flokkunar úrgangs. Geti lýst einkennum plantna og dýra, stöðu þeirra í náttúrunni, tengsl þeirra innbyrðis og við umhverfi sitt.

Helstu námsbækur og gögn:

Lífríkið í sjó. Fræðsluefni á netinu. Verklegar æfingar í náttúrufræði. Vettvangsferðir.

Námsmat:

Vinnubók. Leiðsagnarmat, nemendur fá leiðsögn jafnt og þétt á vinnutímanum. Vinna í tímum Jafningjamat.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Enska

Megináherslur: Orðaforði, samræður, kynningar.

Hæfniviðmið:

Að nemandi:

Hlustun:

- Skilji í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins. Geti nýtt sér í ræðu og riti. Fylgt þræði í aðgengilegu fjölmíðlaefni og efni dægurmenningsar sem höfðar til hans. Geti sagt frá eða unnið úr því á annan hátt. Hlusti eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum.

Lesskilningur:

- Skilji megininntak í aðgengilegum frásögum dagblaða, tímarita og netmiðla og geti brugðist við og fjallað um efni þeirra. Geti fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu. Lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólk. Fjallað um efni þeirra, skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög.

Samskipti:

- Geti tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf. Bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum.

Frásögn:

- Geti flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.

Ritun:

- Geti samið texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Námshæfni:

- Geti nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttigarforrit og leitarvélar, beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðningi frá kennara.

Helstu námsbækur og gögn: Action grunnbók og vinnubók A, Enskar málfræðiæfingar C, Topic books. Efni frá kennara.

Námsmat:

Leiðsagnarmat. Jafningjamat: Nemendur meta framlag bekkjarfélaga í samvinnuverkefnum og verkefni annarra hópa. Sjálfsmat: Nemendur meta verkefni sín, frammistöðu og framlag í samvinnuverkefnum. Kennaramat: Samvinnuverkefni, bókakynning. Stöðumat: Orðaforði, hlustun, lesskilningur, málfræði.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Danska

Megináherslur: Orðaforði, einfaldar kynningar.

Hæfniviðmið:

Að nemandi:

- Skilji í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og geti nýtt sér í ræðu og riti. Geti fylgt þræði í aðgengilegu fjölmölaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt. Hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum. Skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra. Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.
- Geti lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólk og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög. Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf. Bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum. Notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal. Sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum.
- Geti greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv. Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.
- Geti skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmynnda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda. Sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt. Lýst atburðarás eða því sem hann hefur upplifað og notað orðaforða sem lýsir þróun, hraða, eftirvæntingu o.s.frv. Samið texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín. Sýnt fram á að hann þekkir til siða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur boríð saman við eigin menningu.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Sýnt fram á að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.

- Geti beitt lykilnámsaðferðum til að auðvelda skilning og notkun á tungumálinu og valið aðferð sem hæfir viðfangsefninu, t.d. umorðað ef hann vantar orð, lesið í aðstæður og getið sér til hvaða samræður fara þar fram. Beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðningi frá kennara. Nýtt sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu. Tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi. Nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit orðabækur, veforðasöfn, leiðréttigarforrit og leitarvélar.

Helstu námsbækur og gögn:

Smart lesbók. Smart vinnubók. Smart spil og leg. Vefur Menntamálastofnunar. Efni frá kennara.

Námsmat:

Leiðsagnarmat. Símat. Sjálfsmat. Verkefni og vinna í tínum.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Tölvur

Megináherslur: Word, Excel, Power point

Hæfniviðmið:

Að nemandi:

- Sýni sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðru. Geti nýtt sér mismunandi tæknibúnað á hagkvæman og fjölbreyttan hátt. Unnið með heimildir og sett fram einfalda heimildaskrá.
- Geti nýtt hugbúnað og forrit við einfalda uppbyggingu og uppsetningu ritsmíða. Nýtt hugbúnað/forrit við gerð ritunarverkefna og framsetningu tölvulegra gagna.
- Fari eftir reglum um ábyrga netnotkun, sé meðvitaður um siðferðilegt gildi þeirra og taki ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á Neti- og netmiðlum.

Helstu námsbækur og gögn:

Tölvur og tölvuforrit, Ipad Word, Power point, Excel.

Námsmat:

Nemandi verður metinn eftir frammistöðu, virkni, samvinnu og hegðun í kennslustundum. Nemandi verður metinn eftir færni í notkun tölvuforrita. Metið verður einnig eftir færni hans í notkun Words, Excel og Power point. Gefið verður í formi leiðsagnamats þrisvar á ári og í formi bókstafs í lok skólaárs.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Skólaíþróttir

Megináherslur: Fjölbreyttar íþróttir og sund.

Hæfniviðmi:

Að nemandi:

- Geti gert æfingar sem reyna á loftháðþol. Gert æfingar sem reyna á styrk og stöðugleika útlima og bols. Sýnt leikni í nokkrum mismunandi íþróttagreinum.
- Geti synt viðstöðulaust baksund, skriðsund og kafsund 8 m auk þess að stinga sér af bakka. Sýnt virðingu og góða framkomu hvort sem leikur vinnst eða tapast.
- Geti viðhaft jákvæð og árangursrík samskipti til að efla liðsanda. Skýrt mikilvægi þess að hafa leikreglur, farið eftir þeim bæði í hóp- og einstaklingsíþrótt.
- Geti gert sér grein fyrir gildi heilbrigðs lífernис fyrir starfsemi líkamans og mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun. Notað hugtök sem tengjast sundiðkun og íþróttum.
- Geri sér grein fyrir mikilvægi öryggis- og umgengnisregla og geti tekið ákvarðanir á þeim grunni. Beitt helstu atriðum skyndihjálpar, endurlífgun og bjargað jafningja á sundi stutta sundleið.

Námsmat:

Sjálfsmat á eigin frammistöðu eftir ákveðna áhersluþætti og íþróttagreinar. Virkni og frammistaða í kennslustundum. Verkleg próf/æfingar.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Myndmennt

Megináherslur: Vinnuferli frá hugmynd til afurðar.

Hæfniviðmið:

Að nemandi:

- Geti útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar. Hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.
- Geti gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni hans. Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.
- Geti lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.

Helstu námsbækur og gögn:

Það sem kennari leggur til og hentar hverju verkefni.

Námsmat:

Leiðsagnarmat. Umsögn í lok annar. Verkfærni og vandvirkni. Vinnusemi og áhugi. Sjálfstæð vinnubrögð. Umgengni og fer eftir fyrirmælum.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Smíði

Megináherslur: Ferli frá hugmynd til afurðar.

Hæfniviðmið:

Að nemandi:

- Geti unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar. Valið og notað verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt.
- Geti teiknað einfalda skissu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Læri helstu öryggisreglur og notkun hlífðarbúnaðar.

Helstu námsbækur og gögn:

Það sem kennari leggur til og hentar hverju verkefni.

Námsmat:

Leiðsagnarmat. Umsögn í lok annar. Vinnusemi og áhugi. Umgengni og hvort farið er eftir fyrirmælum.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Heimilisfræði

Megináherslur: Matreiðsla, hreinlæti.

Hæfniviðmið:

Að nemandi:

- Geti tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tengsl þeirra við heilsufar. Gert sér grein fyrir helstu kostnaðarliðum við heimilishald og sé meðvitaður um neytendavernd. Tjáð sig um aðalatriði næringarfræðinnar.
- Geti farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi. Matreitt einfaldar og hollar máltíðir og nýtt hráefnið sem best. Nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga er varða matreiðslu, næringarfræði og meðferð matvæla.
- Geti unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúsáhöld. Tengt viðfangsefni heimilisfræðinnar við jafnrétti og sjálfbærni og áttað sig á uppruna helstu matvæla.
- Geti skilið og rætt mismunandi umbúðamerkingar, metið útlit og gæði matvæla og útskýrt hvernig á að geyma þau. Tjáð sig um ólíka siði og venjur, og þjóðlegar íslenskar hefðir í matargerð.

Helstu námsbækur og gögn:

Gott og gagnlegt 3 – heimilisfræði fyrir 7.bekk.

https://vefir.mms.is/upskriftavefurinn/gott_gagn3_uppskriftir_net.pdf. Ýmist ítarefni t.d. af heimasíðum Menntamálastofnunar, Embætti landlæknis og Sorpu. Uppskriftir frá kennara

Námsmat:

Leiðsagnarmat þar sem nemandi fær stöðuga endurgjöf um nám sitt ásamt ábendingum um það hvernig hann geti bætt sig. Frammistöðumat þar sem könnuð er hæfni nemenda til að beita þekkingu sinni og leikni. Við námsmat er tekið tillit til eftirfarandi þátta: virkni í tínum, umgengni um stofuna, samvinnu, sjálfstæðra vinnubragða og framkomu. Einkunn er gefin sem umsögn á viðtalsdögum auk bókstafs í lok skólaárs.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Textílmennt

Megináherslur: Hekl

Hæfniviðmið:

Að nemandi:

Handverk, aðferðir og tækni:

- Geti beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar. Fjallað um efnisfræði og unnið úr fjölbreyttum textílefnum unnið með einföld snið og uppskriftir.

Sköpun, hönnun og útfærsla:

- Geti þráoð eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla. Útskýrt hagnýtt og fagurfræðilegt gildi handverks og fjallað um fagurfræði í eigin verkum, nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um textíl og textílvinnu.

Menning og umhverfi:

- Geti fjallað um íslenskt hráefni í samhengi við sögu og sjálfbærni gert grein fyrir helstu eiginleikum náttúrulefna og gerviefna. Sett textílvinnu og textílverk í samhengi við sögu, samfélag og listir. Gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum.

Námsmat:

Metið er út frá þeim forsendum að nemandi geti sýnt frumkvæði og þor, gert tilraunir í textíl og valið og beitt viðeigandi aðferðum og tækni. Beitt fjölbreyttu formi og stíl til þess að skapa á sjálfstæðan hátt verk byggð á eigin hugmyndum, útskýrt og rökstutt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki. Lýst, greint og rætt inntak eigin verka og annarra, sett í menningarlegt, sögulegt og samfélagslegt samhengi og beitt markvisst orðaforða og hugtökum í textíl. Gert grein fyrir fjölbreyttu hlutverki textíl í menningar- og atvinnulífi samfélagsins. Stuðst er við leiðsagnarmat sem felst í reglulegri og uppbyggilegri endurgjöf og fer aðallega fram í samtölum nemanda og kennara. Kennari leiðbeinir nemanda á meðan á námi hans stendur. Með leiðsagnarmati gefur

Grunnskóli Húnaþings vestra - 7. bekkur

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

kennari nemandanum upplýsingar um það sem hann getur nýtt sér til þess að bæta nám sitt jafnóðum. Það miðast við hvern einstakling og hans þarfir.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Tónmennt

Megináherslur: Söngur, ólíkir stílar, forrit.

Hæfniviðmið:

Að nemandi:

- Geti tekið þátt í samspili eða samsöng með öðrum og flutt og túlkað eigin verk eða annarra með viðeigandi hætti fyrir áheyrendur og skrásett það.
- Geti beitt eigin rödd á viðeigandi hátt í ólíkum raddverkum og söng, bæði í eigin verkum og annarra. Greint ólíkar stíllegundir, myndað sér skoðun á þeim og rökstutt hana.
- Geti notað einföld tæki og forrit til að taka upp, skrásetja og setja saman eigið hljóð- eða tónverk.

Helstu námsbækur og gögn:

Sönghefti (t.d. Skólasöngvar og Syngjum saman) og útprentanir af þekktum dægurlögum Alls kyns slagsverkshljóðfæri, og þegar fram líða stundir er stefnan að hafa samspil með blokkflautur og jafnvel ukulele.

Námsmat:

Mat fer fram í kennslustundum þar sem m.a. er fylgst með þátttöku nemenda í söng og hljóðfæraleik, áhuga, færni þeirra til að tjá skoðanir sínar og hlusta á skoðanir annarra o.s.frv.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Dans

Megináherslur: Örva hreyfi- og rýmisþroska og félagsgreind.

Hæfniviðmið:

Að nemandi:

- Geti dansað einföld hreyfimynstur og notað þau í paradönsum og barnadönsum.
- Taki þátt í skapandi dansferli.
- Taki tillit til jafningja í samstarfi
- Geti samhæft hreyfingu og takt í tónlist

Helstu námsbækur og gögn:

Tónlist og sýnikennsla danskennara.

Námsmat:

Mat fer fram í kennslustundum þar sem m.a. er fylgst með þátttöku nemenda. Einkunn gefinn í bókstöfum.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Umsjón og lífsleikni

Megináherslur: Bekkjarfundir

Hæfniviðmið:

Að nemandi:

- Átti sig á sjálfum sér og öðrum
- Myndi hæfni til að þróa tengsl sín við aðra
- Geti fundið lausnir á árekstrum og vandamálum í félagslegu tilliti.

Helstu námsbækur og gögn:

Efni frá kennara og umræður. Ávallt er skrifuð fundargerð og hún birt á heimasíðu skólans.

Námsmat:

Mat fer fram í kennslustundum þar sem m.a. er fylgst með þátttöku nemenda. Ekki er gefinn einkunn eða umsögn.